

**Fiskræktarsjóður**  
04 843

**Ársreikningur 2024**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Fiskræktarsjóður**

**kt. 670373-0109**

**Norðurslóðum Borgum, 600 Akureyri**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði matvælaráðherra og starfar á grundvelli laga nr. 72/2008, um Fiskræktarsjóð. Hlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæta veiði úr þeim.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 13 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 0,0 milljónir og afkoma kr. -13,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 377,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 409,2 milljónir.

Vakin er athygli á því að vaxtatekjur eru vantaldar í rekstrarreikningi um 22 mkr., þar sem áfallnir vextir fyrir árið 2024, samkvæmt ávöxtunarsamningi, eru ekki færðir fyrr en árið 2025. Þetta hefur einnig þau áhrif að handbært fé 31. desember 2024 er vantalið um 22 mkr.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórnarformaður Fiskræktarsjóðs staðfestir hér með ársreikning Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Tekjur</b>	2		
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Tekjur samtals</b>			
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....	3	19.450.950	26.211.078
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	1.624.439	1.504.143
Annar rekstrarkostnaður .....	5	<u>6.071.175</u>	<u>8.791.250</u>
<b>Gjöld samtals</b>		27.146.564	36.506.471
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(27.146.564)	(36.506.471)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	6	14.173.857	28.276.259
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(3.861)</u>	<u>(1.109)</u>
		14.169.996	28.275.150
<b>Afkoma ársins</b>		<u>(12.976.568)</u>	<u>(8.231.321)</u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>	2		
Rekstur .....		(15.025.618)	(3.520.243)
Rekstrartilfærslur .....		<u>2.049.050</u>	<u>(4.711.078)</u>
		<u>(12.976.568)</u>	<u>(8.231.321)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	7	409.178.244	230.753
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	396.313.096
<b>Eignir samtals</b>		<u>409.178.244</u>	<u>396.543.849</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	31.362.341	5.751.378
<b>Skuldir samtals</b>		<u>31.362.341</u>	<u>5.751.378</u>
<b>Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals</b>		377.815.903	390.792.471
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		377.815.903	390.792.471
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>377.815.903</u>	<u>390.792.471</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>409.178.244</u>	<u>396.543.849</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	10		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(12.976.568)	(8.231.321)
		<u>(12.976.568)</u>	<u>(8.231.321)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		396.313.096	51.298.999
Tengdir aðilar .....		25.610.963	(42.945.175)
		<u>421.924.059</u>	<u>8.353.824</u>
		<u>408.947.491</u>	<u>122.503</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		<u>408.947.491</u>	<u>122.503</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		408.947.491	122.503
		<u>230.753</u>	<u>108.250</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>409.178.244</u></u>	<u><u>230.753</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024 .....	(21.500.000)	21.500.000	0
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>(21.500.000)</b>	<b>21.500.000</b>	<b>0</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað) .....	(36.048.626)	426.841.097	390.792.471
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>(57.548.626)</b>	<b>448.341.097</b>	<b>390.792.471</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	6.474.382	(19.450.950)	(12.976.568)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2024 .....</b>	<b>(51.074.244)</b>	<b>428.890.147</b>	<b>377.815.903</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.



## Skýringar

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppséðanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppséðanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2024	2023
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	(21.500.000)	21.500.000	0	0
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>(21.500.000)</b>	<b>21.500.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	6.474.382	(19.450.950)	0	(12.976.568)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(15.025.618)</b>	<b>2.049.050</b>	<b>0</b>	<b>(12.976.568)</b>

	2024	2023
<b>3 Framlög og tilfærslur</b>		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....	3.250.950	7.488.218
Rekstrartilfærslur aðrir .....	16.200.000	18.722.860
	<u>19.450.950</u>	<u>26.211.078</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.392.700	1.290.080
Launatengd gjöld .....	231.739	214.063
	<u>1.624.439</u>	<u>1.504.143</u>

### 5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	0	72.017
Matvæli .....	31.170	0
Vörukaup, almenn	31.170	72.017
Fundir, námskeið, risna .....	0	74.190
Ferðir, uppihald .....	0	205.365
Sérfræðipjónusta .....	4.295.100	4.087.830
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	388.424	421.915
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	155.593	141.493
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	4.839.117	4.930.793
Leigugjöld .....	49.600	0
Kostnaðarhlutdeild .....	0	3.788.440
Opinber gjöld .....	1.151.288	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	1.200.888	3.788.440
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>6.071.175</u>	<u>8.791.250</u>

### 6 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður

Ýmsar fjármunatekjur .....	14.173.857	28.276.259
	<u>14.173.857</u>	<u>28.276.259</u>

## Skýringar

31.12.2024 31.12.2023

### 7 Handbært fé

Tékkareikningar .....	826.931	230.753
Sparisjóðsreikningar .....	408.351.313	0
	<u>409.178.244</u>	<u>230.753</u>

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	27.067.241	1.663.548
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	4.295.100	4.087.830
	<u>31.362.341</u>	<u>5.751.378</u>

### 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	390.792.471	399.023.792
Afkoma ársins .....	(12.976.568)	(8.231.321)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>377.815.903</u>	<u>390.792.471</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 10 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Fiskræktarsjóður hefur gert skuldbindandi þjónustusamning við Fiskistofu. Samkvæmt samningi, sem er vísitölutengdur, nema greiðslur á árinu 2025 um 4,3 milljónir.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.